

UMRÆÐAN Aðsent efni

Það besta í menningu okkar höfum við lært af gyðingum

Föstudagur, 4. júlí 2025

Hann þegir yfir að á árunum 1920 til 1938 drap múslimskur múgur ítrekað vopnlausu gyðinga, konur þeirra og börn.

Tómas Ísleifsson

Lífssýn – sameiginlegt siðferði gyðingdóms og kristni er grundvöllurinn fyrir frelsi og velmegun fólks í vestrænum kristnum lýðræðisríkjum – grundvöllur lífshamingju. Góði þráðurinn í íslenskum lögum byggist á hinu *Gamla testamenti* og kærleiksboðun Jesú Krists í *Nýja testamentinu*. Boðorðin tíu eru grundvöllur réttlætis – samfélags friðar. Þar er skráð að þú skalt: ekki myrða, ekki hórásta, ekki stela og ekki ljúga. Jesú Kristur boðaði: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gera.“ Sjá Mós. 20 og Matt. 7.12. Engin málamiðlun getur orðið á milli eftirfarandi:

Gyðingdómur og kristni boða trú, von og kærleika.

Íslam upphefur hinn rétttrúaða, en formælir öðrum og þar eru fyrirsmali til rétttrúaðra að kúga þá sem ekki taka rétta trú.

Sex öldum eftir krossfestingu Jesú Krists hóf Múhamed hernaðinn íslam. Kóran, trúar- og lögbók íslams, vitnar í Torah gyðinga og Biblíu kristinna. Í Kóran er staðhæft að villur séu í Torah og Biblíu, en að texti Kóran sé „sannur“ því Allah/guð gaf Múhamed „réttan“ texta.

Boðorðin tíu eru ekki skráð í Kóran. Innan fylkinga íslams eru í gildi almennar reglur um jöfnuð milli „trúbræðra“ og fornar hefðir araba að kúga konur. Út á við er í Kóran hernaðarhyggja, sem krefst þess að sérhver rétttrúaður veiti Allah lið, þegar tækifæri gefst til að hremma lönd og kúga fólk til að turnast/snúast til íslams eða gjalda verndarskatt hinna smáðu, en ella deyja.

Í sjónvarpi Mið-Austurlanda birtast vitnisburðir kvenna, sem lýsa því stoltar yfir að börn þeirra hafi drepist sig, við að drepa gyðinga. Konurnar vilja eignast fleiri börn og barnabörn, til að fórna sér fyrir Allah. Í sjónvarpi þar hafa einnig sést yfirlýsingar smábarna, sem eiga þá ósk að drepa gyðinga og verða „píslarvottar“. Arabar þegja um þetta, þegar þeir reka áróður ætluðum vestrinu, sem þeir kalla oft „nytsömu fávítana í vestrinu“. Þá eru slagorðin „að gyðingarnir í Ísrael séu angi nýlendu-stefnu hins gráðuga vesturs“.

Aðspurt svarar Google að samfelld byggð gyðinga „í landinu helga“ sé tæp 4.000 ár. Árið 1937 þjarkaði breskur diplómat við Amin al-Husseini um samþykki araba fyrir sjálfstæðri byggð gyðinga í Palestínu. Svar arabans var að smáðir gyðingar ættu aldrei að ráða yfir snefil af landinu. Amin var í Berlín frá 1941 til 1945 og sendi í útvarpi áróður til Araba: „... drepjið gyðingana ...“

Fylkingar múslima hatast. Sjiaklerkar í Íran hata súnní-araba, en styðja þá til að reka hernað Hamas og Hisbollah. Alavitar í Sýrlandi hötuðu og voru hataðir. Google birtir aðspurt að frá árinu 2011 hafi 230.000 einstaklingar verið drepnir í landinu. Æðsti klerkur Íran hefur ítrekað hótad að afmá Ísrael og þá drepa gyðingana. Hvers vegna? Ekki vegna lands, því 1.000 km eru milli landanna.

Enginn með fullu viti skilur rugl klerksins. Íslam er ekki bara hættulegt. Skynsamt fólk hefur vit á því að fórna ekki ævidögum í að grufu í þá leiðinlegu geggjun. Kredda sjía-múslima er að sögn bið eftir efsta degi og endurkomu spámanns, sem hvarf fyrir 1.000 árum. Vilja sjía-múslimar drepa alla gyðinga svo að spámaðurinn geti komið?

Sovétið í Moskvu studdi stofnun Ísraels 1947-48. Gyðingar höfðu samyrkjubú og Stalín hefur sennilega haldið að gyðingarnir væru kommar, sem gætu dregið úr völdum Breta í Mið-Austurlöndum. Eftir 1950 sást að Ísrael hallaði sér að vestrinu. Þá ákvað KGB í Kreml að gefa Egyptum vopn til að fá þar ítök og halda uppi áróðri í vestrinu um illt eðli gyðinga.

Það fyndna/grátlega er að vinstri elítan í vestrinu trúði áfram lygum frá Kreml. Einnig um illt eðli gyðinga, þótt Kreml hafi áður verið staðið að lygum um að Stalín væri góður gæi, þegar hann var raunar fjöldamorðingi, m.a. á Rússum.

Háskólar í vestrinu hafa í 70 ár haldið uppi látlausum lygaáróðri um samskipti gyðinga og araba í Palestínu á árunum 1920 til 1947. Einn af þeim er Jón Ormur Hall-dórsson (JOH) stjórnmálafræðingur. Ég hef lesið texta hans um eðli íslams og eðli Ísraelsríkis í eftirtöldum bókum:

Islam, Saga pólitískra trúarbragða, 1991, *Löndin í suðri*, 1992, *Átakasvæði í heiminum*, 1994. *Breyttur heimur*, 2015.

Almennt eru bækur JOH upplýsandi og auðvelt að skilja hverja málsgrein í bókunum. Ítrekað hefur JOH gefið yfirlýsingu um að segja satt. JOH hefur siðferðilegan rétt til að básúna þá skoðun annarra að í Kóran sé fagur texti og hann getur útlistað þá pólitísku skoðun að gyðingar eigi ekki að vera landstjórar á snefil af landi í fornu Palestínu.

...múslimum skipað að kúga ...
villa hjá Mbl.

Þögn um bölbænir í Kóran til „hinna smáðu“ er ekki yfirsjón JOH, heldur hlutdræg þöggun – að fegra illskuritið Kóran. Þar er múslimum að kúga eða drepa „hina smáðu“.

JOH þegir um að á árunum 1920 til 1938 drap múslimskur múgur í Palestínu vopnlausu gyðinga, konur þeirra og börn.

JOH þegir um tilvist Amin al-Husseini og misfer um heimildir og upphot araba í Palestínu 1946, en hann vitnar í voðaverk gyðinga eftir 1937.

Ég ásaka JOH fyrir að svíkja fyrirheit um sannleika.

...Palestínu 1936 ...
villa hjá Mbl.

Á eftirfarandi vefsíðu birti ég vitnisburði, sem sýna sanngildi þessarar greinar:

<https://landskuld.is/>



Tómas Ísleifsson